

AF HVERJU NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI?

Undanfarin ár hefur umræðan um kynferðisofbeldi aukist og þróast heilmikið. Krafa um áhrifameiri forvarnir er komin á dagskrá og með #metoo varð áherslan á gerendum meira áberandi ásamt kröfunni um þátttöku karla í baráttunni.

Byltingar síðustu ára:

Druslugangan, #freethenipple, #konurtala, Styttum Svartnættið, #metoo, #höfumhátt, #metoo2

⇒ Hefur umræðan aukist og þróast nóg?

⇒ Tökum við öll þátt í henni?

Hvað hefur komið fram í þessum byltingum?

- Kynferðisofbeldi er alvarlegasta birtingarmynd kynjamisréttis
- Ofbeldið er bara hluti af þeirri mismunun sem konur verða fyrir á hverjum degi
- Þessi veruleiki hefur áhrif á líf flestra kvenna
- Birtingarmyndir kynferðisofbeldis eru mjög margar og fjölbreyttar
- Kynferðisleg áreitni er algengari og afleiðingar þess alvarlegri en almennt er talað er um
- Umræða varpar ljósi á valdamun og mismunandi birtingarmyndir misbeitingar
- Ofbeldi karla gegn konum er mjög umfangsmikið og við höfum bara séð lítinn hluta vandans

Tökumst við karlar á við ofbeldi karla gegn konum?

- Erum við meðvitaðir um reynsluheim kvenna?
- Meðtökum við hversu umfangsmikil mismunun gagnvart konum er?
- Erum við meðvitaðir um eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis?
- Hvað erum við karlar að gera?
- Hvað ætlum við að gera?

Ætlum við að vera hluti af vandanum eða lausninni?

Æfing - Hvar er ég staddur?

1. Finnst þér umræðan um kynferðisofbeldi koma þér við?
2. Er of mikil, nægileg eða ekki nógu mikil umræða um kynferðisofbeldi í samfélaginu?
3. Hvað þekkir þú margar konur sem hafa talað um að hafa t.d. orðið fyrir kynferðislegu áreiti?
4. Er talað um kynferðisofbeldi í þínu umhverfi, t.d. í vinahópum, fjölskyldu eða á vinnustöðum?
5. Ef umræðan kemur upp hvað einkennir hana?
6. Hversu mikið hefur þú kynnt þér umræðuna um kynlíf, mörk og samþykki?
7. Hvaðan kemur þín þekking af kynlífi?
 - a. Kynfræðslu,
 - b. Klámi,
 - c. Sameiginleg þekkingarsköpun með mökum/hjásvæfum,
 - d. Annað
8. Þegar umræðan um kynferðisofbeldi kemur upp, hver eru þín viðbrögð:
 - a. Hlusta og virða frásögu viðkomandi,
 - b. Fara í vörn/ „Ekki allir karlar“,
 - c. Efast um frásögnina
9. Hvað hjálpar þér að ræða þessa hluti?
10. Hvað gerir það erfitt/kemur í veg fyrir að þú ræðir þessa hluti?